



Alþingi

Erindi nr. B 120/750

komudagur 30.11.1996

Reykjavík 29. janúar 1996

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík,
b.t. Kristjönu Benediktsdóttur, skjalavarðar.

Seðlabanki Íslands vísar í bréf yðar, dags. 2. nóvember 1995 og 21. desember 1995 og þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði og um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.

99. mál
og
232. mál

Seðlabankinn gerir engar athugasemdir við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 123/1993 en eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði:

a) Í stað 2. mgr. 54. gr. laganna (sbr. 8. gr. frumvarpsins) komi eftirfarandi:

Við útreikning á eiginfjárlutfalli samkvæmt 1. mgr. skal eigið fé samsett af þremur þáttum, eiginfjárluþætti A, eiginfjárluþætti B og eiginfjárluþætti C og frádráttarliðum samkvæmt 55. gr. Eftirfarandi takmarkanir gilda um einstaka eiginfjárluþætti:

1. Eiginfjárluþáttur A skal nema að lágmarki helmingi eigin fjár fyrir frádrátt samkvæmt 55. gr.
2. Eiginfjárluþáttur B má hæst nema 50% af eiginfjárluþætti A.
3. Eiginfjárluþáttur C má hæst nema 50% af eiginfjárluþætti A. Jafnframt má eiginfjárluþáttur C hæst nema 4,8% af reiknuðum áhættugrunni viðskiptabanka eða sparisjóðs vegna markaðsáhættu liða í veltubók og gengisáhættu.

b) Í stað 2. tl. 4. mgr. 8. gr. frumvarpsins (sbr. 54. gr. laganna) komi eftirfarandi:

2. Endurmatsreikningur annar en gert er ráð fyrir í eiginfjárluþætti A.

c) Í stað 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins (sbr. 54. gr. laganna) komi eftirfarandi:

Eiginfjárluþáttur C telst vera víkjandi lán til skamms tíma sem viðskiptabanki eða sparisjóður tekur gegn útgáfu sérstakrar skuldaviðurkenningar þar sem skýrt er kveðið á um að endurgreiðslutími lánsins sé eigi skemmri en tvö ár og að við gjaldþrot hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs eða slit hans fáið það endurgreitt á eftir öllum öðrum kröfum á hendur viðskiptabankanum eða sparisjóðnum en endurgreiðslu hlutafjár eða stofnfjár eða sambærilegs eigin fjár ríkisviðskiptabanka. Jafnframt skal kveðið á um að óheimilt sé að greiða af láninu eða greiða af því vexti ef eiginfjárluþáttur hlutaðeigandi viðskiptabanka eða sparisjóðs er lægra en 8% eða ef endurgreiðsla höfuðstóls eða greiðsla vaxta veldur því að eiginfjárluþáttur fer niður fyrir 8%. Tilkynna skal bankaefirlitinu ef slík greiðsla veldur því að eiginfjárluþáttur fer niður

fyrir 10%. Við mat á eiginfjárfætti C getur bankaeftirlitið heimilað einstökum viðskiptabönkum eða sparisjóðum að tekið sé tillit til hagnaðar af veltubókarviðskiptum að frádreginni fyrirsjáanlegri gjaldfærslu eða arði og að frádregnu nettó tapi af annarri starfsemi enda sé engin þessara fjáhæða meðtalin í eiginfjárfætti A.

Athugasemdir við framangreindar breytingartillögur.

Breytingartillögur samkvæmt a) og c) lið hér að ofan fela í fyrsta lagi í sér að færðar eru á einn stað þau ákvæði greinarinnar sem varða takmarkanir á einstökum eiginfjárfáttum. Í öðru lagi er gert ráð fyrir sérstakri tilkynningaskyldu til bankaeftirlits sbr. 3. ml. breytingartillögunnar á 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins og er það til samræmis við tilskipun ESB á þessu sviði. Í þriðja lagi er gerð sú efnisbreyting að heimildarákvæði til handa bankaeftirliti skv. 5. ml. 5. mgr. 8. gr. frumvarpsins er fellt niður þar sem nánari athugun hefur leitt í ljós að þetta ákvæði hefur lítið raunhæft gildi og er vafi um að það sé í samræmi við tilskipun ESB.

Breytingartillaga skv. b) lið hér að ofan gerir ráð fyrir eintölumynd á hugtakinu endurmatsreikningur í stað fleirtölumyndar og er það til samræmis við orðalag í 25. gr. laga nr. 144/1994 um ársreikninga.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

